

Skuttogarátíminn

1970 - 2000

Með skuttogurum hófst nýtt tímabil í útgerðarsögu landsins. Árið 1974 voru 54 skuttogarar gerðir út á landinu og urðu yfir eitt hundrað þegar mest var. Þá voru skuttogarar í hverju plássi. Samhliða var mikil uppbygging í frystihúsum um allt land. Skuttogararnir báru hráefni að landi allt árið í hraðfrystihúsin, sem unnu fiskinn til útflutnings, til Bandaríkjanna, Bretlands, Japan og Sovétríkjanna. Mikill uppgangur varð í sjávarplássum, nýjar íbúagötur og jafnvel heilu íbúahverfin risu, svo sem Holtahverfið á Ísafirði. Áratuginn 1970-1980 fjölgaði íbúum Vestfjarða.

Vestfirðingar nutu góðs af nálægðinni við gjöful þorskmið, en í kjölfar svartrar skýrslu um ástand þorskstofnsins 1975 voru veiðar takmarkaðar og kvótakerfi komið á 1983. Um sama leyti færðist fiskvinnsla að hluta út á sjó með frystitogurum. Minnkandi þorskaflí, kvótakerfi, fækkun togara og starfa hafa sett mark sitt á samfélagþróun síðustu ára, einkum á Vestfjörðum. Nú er Ísafjörður eini bærinn á Vestfjörðum þar sem togaraútgerð er stunduð. Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS er flaggskip vestfirska flotans.

